

Fundur í umhverfisnefnd Ásahrepps

Fundurinn var haldinn í Lækjarbrekku 27. júlí 2016, kl. 20.

Fundarmenn voru Örn Ingvarsson, Sigríður Sigurðardóttir og Ingibjörg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Umsögn um flokkun virkjanakosta í þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Eftirtaldir virkjanakostir, sem metnir eru í þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, eru að hluta til eða öllu leyti í Ásahreppi: Urriðafossvirkjun, Skrokkölduvirkjun, Tungnaárlón, Norðlingaölduveita, Kjalölduveita, Hágönguvirkjun og Sköflungur á Tungnaársvæðinu.

- **URRIÐAFOSSVIRKJUN.** Samkvæmt umsögn í verndar- og orkunýtingaráætlun þá er í Þjórsá einn stærsti laxastofn landsins, auk stórs sjóbirtingsstofns og mikil og vaxandi veiðihlunnindi. Stærsti hluti þessara stofna verður í hættu ef af Urriðafossvirkjun verður. Veiði í Þjórsá byggist einkum á netaveiði og er sú nýting mikilvæg fyrir veiðiréttihafa og hluti af hlunnindanýtingu, arfleifð og sögu svæðisins.
- Útbúin hefur verið aðstaða fyrir ferðamenn við Urriðafoss og er orðið algengt að sjá þar fjölda ferðamanna að skoða fossinn. Virkjunin hefði neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna því vatnsmagn í fossinum minnkar talsvert.
- Nefndin telur að fleiri og fjölbreyttari atvinnumöguleikar skapist í landbúnaði, ferðaþjónustu, útivist og veiði með því að ekki verði af Urriðafossvirkjun. Einnig er líklegt að íbúar sveitarfélagsins verði sáttari og ekki verður flóðahætta af völdum stíflurofs.
- **VIRKJANAKOSTIR Á AFRÉTTINUM.** Þó að virkjanir og miðlunarlón geti fallið vel að landi og jafnvel verið lítt sýnileg, þá verður að hafa það í huga að tengja þarf virkjanir við flutningskerfi raforku. Í dag virðist eini raunhæfi kosturinn til þess vera með háspennulínu. Samkvæmt könnunum þá eru raflínur þau mannvirki sem ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum hugnast síst á miðhálandi Íslands. Einnig minnkar vatnsmagn í ám við að þeim sé veitt annað. Það á t.d. við um Þjórsá, en með gerð Norðlingaölduveitu/Kjalölduveitu þá minnkar vatnsmagn neðar í Þjórsá. Það hefur áhrif á fjóra fossa í ánni; Hvangiljafoss, Hrútshólmafoss, Dynk og Búðarhálsfoss. Þá hefur áhugi ferðamanna á ósnortnum svæðum aukist og talið er að áfangastaðir með ósnortna náttúru verði verðmætir í framtíðinni.
- Að mati nefndarinnar þá er eðlilegt að byrja á að auka afkastagetu núverandi virkjana ef mögulegt er og þá án þess að það valdi miklu raski á náttúrunni. Einnig eru nokkur áhugaverð útivistar- og ferðamannasvæði á Holtamannaafretti, auk menningarminja. Þarna liggja vannýtt tækifæri í ferðaþjónustu og telur nefndin að framtíðarvirði svæðisins til slíkra nota sé meira heldur en af frekari virkjanaframkvæmdum.

2. Merkingar í byggð og á afréttinum

- Sett verði skilti við sveitarfélagamörk í byggð. Er þá helst horft til samsvarandi skilta og eru í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
- Ásabrekkuskógur, vantar merkingu við þjóðveg.
- Hvað varðar merkingar á afréttinum þá finnst nefndinni eðlilegt að kallaðir séu til staðkunnugir menn til að skoða þær. Þetta gætu t.d. verið Ísleifur í Kálfholti og Karl í Þjórsártúni, verði þeim falið að setja fram tillögur ásamt formanni umhverfisnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.